


# Aðalfundur 2010

~ Haldinn þann 26.janúar ~



## **Dagskrá aðalfundar**

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
  - Formaður og gjaldkeri
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**
- **Matur (20:30)**
- **Vídeóannáll 2009 frumsýndur (21:00)**
  - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins  
<http://modelflug.net/video/2009/FMSannall2009web.wmv>

## **Skýrsla stjórnar**

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn að Bíldshöfða 16 þann 19.janúar og var þrýðisgóð mæting. Smá rekstrarafgangur var eftir árið 2008 þrátt fyrir framkvæmdir, þökk sé styrkjum sem félaginu bárust frá velunnurum. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Guðni V. Sveinsson var kosinn vallarstjóri og Gunnar M. Magnússon meðstjórnandi. Að loknum aðalfundarstörfum var frumsýndur vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2008 og vakti hann mikla lukku.

Laugardaginn 25.apríl hélt Flugmóðelfélagið flugkomu á Arnarvelli í tilefni af frístundahátíð Reykjanesbæjar og var hún jafnframt fyrsta flugkoma ársins. Hátt í 40 módel voru á svæðinu og 20 módelmenn og talsvert streymi var af gestum á svæðið og kunnum við sérstaklega félagsmönnum í físfélaginu Sléttunni þakkar fyrir en þeir voru duglegir að benda fólki upp á Keflavíkflugvelli á flugkomuna okkar.

Samningur milli Flugmóðelfélags Suðurnesja og ÍT var undirritaður í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ þann 27.maí 2009.

Uppbyggingarstarfið á Arnarvelli er enn í fullum gangi en stærstu framkvæmdirnar í sumar voru sáning og frágangur öryggissvæðis við norðurenda flugvallarins ásamt umhirðu gróðurs á svæðinu og almennu viðhaldi.

Félagið hefur verið með reglulega viðveru á Arnarvelli frá kl.10 alla sunnudag og hefur það skilað miklu, bæði fyrir félagsstarfið og áhugasama gesti sem hefur verið bent á að líta við á þessum tíma til að fá nánari upplýsingar og fræðast um sportið.

Félagslífið var með miklum blóma í sumar, félagið hélt sína árlegu flotflugkomu um miðjan maí, í lok maí var haldin hraðflugskeppni og í byrjun júní var landingarkeppni á dagskrá. Félagsmenn fjölmenntu en einnig komu módelmenn úr öðrum klúbbum og tóku þátt í mótunum. Einnig tókum við á móti hópi úr félagsstarfi eldri kvenna í Garði sem kennir sig við Auði.

Hin árlega Ljósanæturflugkoma var haldin laugardaginn 5.september og mikil fjöldi gesta mætti og stöðugur straumur var frá 10 um morgunin og fram til 17. Sigurjón Valsson mætti á listflugvélinni TF-UFO upp úr kl.13 og sýndi listflug fyrir viðstadda og vakti það mikla lukku. Þetta er að verða ein stærsta flugkoma tímabilsins hér á landi. Einnig var loftskipi Reykjanesbæjar flogið í íþróttakademíunni á sýningunni Reykjanes 2009.

Í október ákvað félagið að komin væri tími á að stefna á ný mið í sportinu og hóf að iðka inniflug í Reykjaneshöllinni en þar hefur félagið tryggt sér tíma hvern sunnudag fram á vorið 2010. Einnig kom góður útiflugskaflí í október sem var vel nýttur en nóvember og desember voru ekki jafn gjöfulir.

Félagið festi kaup á vindrafstöð og verður hún sett upp með hækkandi sól Aðfangadagsflug féll niður vegna veðurs en bæði tókst að fljúga á gamlársdag og nýjársgdag. 14 nýir félagsmenn skráðu sig í félagið á árinu og 20 manns eru skráðir í Innherja.

**Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja**

**Reikningar félagsins**

# Flugmóðelfélag Suðurnesja

## Ársreikningur 2009

	Inn	Út
Styrkir	250.000 kr.	
Félagsgjöld	187.900 kr.	
Innherjar	150.000 kr.	
Merkja- og Aircore sala	33.250 kr.	
Vextir	11.125 kr.	1.013 kr.
Vindrafstöð		212.223 kr.
Vallarvörur		117.183 kr.
Áburður		63.620 kr.
Vallarplan(bakreikn.)		51.145 kr.
Merki		40.880 kr.
Sáning		37.350 kr.
Veitingar		26.621 kr.
Annað		21.654 kr.
Eldsneyti(bensín+gas)		17.539 kr.
Tryggingar		16.445 kr.
Bankakostnaður		150 kr.
Samtals á árinu	<u>632.275 kr.</u>	<u>605.823 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	168.994 kr.	
Samtals	<u>801.269 kr.</u>	<u>605.823 kr.</u>
<b>Samtals eign í árslok</b>	<b><u>195.446 kr.</u></b>	
Velta á árinu	1.407.092 kr.	
Rekstramiðurstaða	26.452 kr.	

<b>Eignir</b>	<b>Verð</b>
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Kerra	500.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
<b>Samtals</b>	<b>775.000</b>

<b>Flugbrautir og vallarsvæði</b>	<b>33.625.000</b>
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

<b>Samtals eignir</b>	<b>34.400.000</b>
-----------------------	-------------------

## **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var reksturinn á árinu jákvæður um 26.452 krónur en athuga ber að tekjuliðurinn Innherjar greiðist út á næsta ári vegna leigu á Reykjaneshöll. Því er reksturinn neikvæður um 123.548 krónur. Óvænt útgjöld, bakreikningur vegna steypuframkvæmda 2008 og kaup á vindrafstöð setja óneitanlega strik í reikninginn.

## **Fjárhagsáætlun og félagsgjöld**

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins engar stærri framkvæmdir liggja fyrir að svo stöddu en gera má ráð fyrir að dragi úr styrkjum á árinu. Félagsgjöldin síðustu árin hafa ekki staðið undir rekstrinum á Arnarvelli og því er nauðsynlegt að hækka félagsgjöldin til að komast nær núllinu. Ég legg til að félagsgjöld verði 4.500 fyrir yngri en 18 ára og 9.500 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu eftir um tvær vikur, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma er bent á að hafa samband við gjaldkera.

**Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri**

## **Kosning stjórnar**

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera og formann.

## **Tillögur og lagabreytingar**

Liggja ekki fyrir þegar þetta er ritað.

## **Önnur mál**

Orðið er frjálst.

## **Minnisblað**